

Erindi til sveitarstjórnar Dalabyggðar,

Við undirrituð, samningshafar um rekstur Vínlandsseturs leitum formlega samstarfs og aðstoðar Dalabyggðar til að þróa reksturinn í átt frá taprekstri á einhvern hátt. Það blasir við að smáfyrirtæki hefur aðeins takmarkað úthald í taprekstur og okkar úthald kláraðist í raun í heimsfaraldri eins og úthald margra annarra ferðaþjónustuaðila. Við höfum þrjóskað við að halda áfram af bjartsýni og trú á verkefninu, en það dugur ekki eitt og sér. Vinna eigenda við reksturinn hefur meðal annars verið gefin að fullu frá upphafi, til að skapa fjárhagslegt svigrúm, en það ekki dugað til.

Við teljum að Vínlandssetur þurfi mikið að breytast til að verða sjálfbær rekstur, sem þýðir að bæði þarf að laða að talsvert fjármagn og vinna viðskiptahugmyndina áfram að mörgu leyti, auk þess að það þarf fjárhagslegt svigrúm til markaðssetningar yfir langt tímabil.

Í þeirri þróun sem við teljum nauðsynlega erum við meira en tilbúin að víkja til hliðar, ef hagsmunum okkar eða rekstrar Vínlandsseturs er betur borgið í höndum annarra. Okkur þykir vænt um verkefnið og höfum metnað fyrir því og langar til að Vínlandssetur verði að því flaggskipi Dalanna sem það á skilið. Þessa vinnu þarf að vinna hratt og vel og með aðkomu margra aðila.

Vínlandssetur ehf getur ekki verið í rekstrarlegri óvissu nema stutt. Ef sveitarfélagið sér sér ekki fært að vinna með okkur að breytingum sem gera Vínlandssetur að arðbæru flaggskipi, er þetta bréf formlegt uppsagnarbréf frá og með þessum degi. Samhliða uppsögn óskum við eftir því að sveitarfélagið hafi milligöngu um kaup á búnaði, húsgögnum og öðrum rekstrarfjármunum í okkar eigu, sem tilheyra þessum rekstri, til að stytta það ferli að skipta um rekstraraðila og auðvelda þeim að taka við boltanum.

Jafnframt viljum við nefna að við höfum þegar bókað fyrirtækið á Mannamót markaðsstofanna 19. janúar og gefið út verðlista fyrir sýninguna fyrir árið, enda þarf slíkt að gerast að hausti. Verð höfðum við óbreytt milli ára.

kveðja

Anna, Bjarnheiður, Pálmi og Reynir